

6. bekkur íslenska

Kennarar: Björn Lúðvíksson; Lára Thors

Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Markmið

Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því enda er traust kunnáttu í íslensku meginundirstaða haldgóðrar menntunar hér á landi. Það skiptir miklu máli að nemendur átti sig á hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmynd og framtíð í námi og starfi. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar en málfræði og réttiritun hjálpa til við tjáningu í ræðu og riti sem er forsenda fyrir allri þátttöku í samfélaginu.

Námsefni

Málrækt II, Orðspor II grunnbók og vinnubók. Mál í mótun grunnbók og vinnubók. Smellur 2. Réttiritunarorðabók og verkefni. Söguskinna og Rauðkápa ásamt verkefnum frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlagnir, lestur og samlestur, einstaklings- og hópavinna.

Námsmat

Símat á verkefnum bæði einstaklings- og hópavinnu ásamt prófum, Virkni í tímum, frágangur verkefna/prófa og vinnubóka.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Ritun

- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.

- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Lesfimiviðmið 1.-10. bekkur - 6. bekkur

- **6. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
September - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **6. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Janúar - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **6. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Maí - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **LESFIMIVIÐMIÐ**
Viðmið fyrir 6. bekk. Útskýring á matstáknum. Rétt lesin orð á mínútu: Undir viðmiði = færri en 105. Viðmið 1 = **105-154**. 90% af nemendum. Viðmið 2 = **155-174**. 50% af nemendum. Viðmið 3 = **175** eða fleiri. 25% af nemendum. Athugið að lesfimiviðmið miða við stöðu nemenda við lok 6. bekkjar.

Orðarún - Mat á lesskilningi í 3.- 8. bekk - 6. bekkur

- **6. bekkur ORÐARÚN - PRÓF 1** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því. Útskýring á matstáknum. **Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 6 af 20 atriðum rétt **Parfnast þjálfun** = Nemandi svaraði á bilinu 7 til 9 af 20 atriðum rétt **Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 10 til 15 af 20 atriðum rétt **Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 16 til 19 atriðum **Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum
- **6. bekkur ORÐARÚN - PRÓF 2** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því. Útskýring á matstáknum. **Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 6 af 20 atriðum rétt **Parfnast þjálfun** = Nemandi svaraði á bilinu 7 til 9 af 20 atriðum rétt **Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 10 til 16 af 20 atriðum rétt **Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 17 til 19 atriðum **Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum